



Borgarráð

Reykjavík, 25. júní 2024
MSS24010162

Arðgreiðslutillaga stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

Lagt er til að borgarráð samþykki uppfærða arðgreiðslutillögu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur sem samþykkt var á stjórnarfundum 24. júní 2024 um arðgreiðslu allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna. Arðgreiðsla að fjárhæð 4.000 milljónir króna verði greidd út fljótlega eftir afgreiðslu tillögunnar, útgreiðsla að fjárhæð 1.000 milljónir verður greidd út eftir 9 mánaða uppgjör og fjárhæð 1.000 milljónir króna verði greidd út í desember að því gefnu að niðurstaða ársins stefni í að verða í takt við áætlanir. Með samþykktinni fellur borgarráð frá fyrri ákvörðun sinni 11. apríl 2024, þess efnis að samþykkja arðgreiðslutillögu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur án þess fyrirvara sem þar var lagður til.

Greinargerð:

Á stjórnarfundum Orkuveitu Reykjavíkur 28. febrúar 2024 var samþykkt arðgreiðslutillaga til eigenda um að greiða arð til eigenda allt að 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins. Hins vegar fól tillagan í sér að arðgreiðslan væri háð niðurstöðu óvissupáttá.

Á fundi borgarráðs 11. apríl 2024 var tillaga stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur lögð fram. Borgarráð samþykkti tillöguna en án þess fyrirvara sem þar var lagður til.

Á stjórnarfundum Orkuveitu Reykjavíkur 24. júní 2024 var samþykkt eftirfarandi arðgreiðslutillaga:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til eigendafundar um arðgreiðslu allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins.

Tillagan felur í sér að arðgreiðsla að fjárhæð 4.000 milljónir króna verður greidd út fljótlega eftir afgreiðslu tillögunnar en útgreiðsla að fjárhæð 1.000 milljónir króna verður greidd út eftir 9 mánaða uppgjör og fjárhæð 1.000 milljónir króna verðu greidd út í desember nk. að því gefnu að niðurstaða ársins stefni í að verða í takt við áætlanir.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt uppfærðri fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2025

Fram kemur í greinargerð sem fylgir tillögunni að eftir endurskoðun á fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur og rýni á óvissupáttum hefur arðgreiðslutillagan verið uppfærð. Í henni felst að veltufjárhlutfall lækkar þar sem eignarhlutur í Landsneti er færður meðal fastafjármuna, nýtt hlutafé í Carbflix og Ljósleiðaranum skili sér ekki á árinu 2024 og í því ljósi hafa fjárfestingar Carbflix, Ljósleiðarans og annarra fyrirtækja í samstæðu Orkuveitunnar verið endurskoðaðar og lækkaðar. Þar sem hlutafjárukningu Carbflix og Ljósleiðarans seinkar verða lántökur auknar hjá móðurfélagi og í Ljósleiðaranum.



Reykjavík



Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi frá Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 24. júní 2024

illaga Orkuveitu Reykjavíkur um arðgerðslu, dags. 24. júní 2024

Arðgreiðslutillaga til eigenda

Elín Smáradóttir <Elin.Smaradottir@orkuveitan.is>

Mon 2024-06-24 17:38

To: Borgarstjórinn í Reykjavík <borgarstjori@reykjavik.is>; Borgarráðsgögn <borgarradsgogn@reykjavik.is>; Einar Þorsteinsson <Einar.Thorsteinsson@reykjavik.is>; Þorsteinn Gunnarsson <Thorsteinn.Gunnarsson@reykjavik.is>; Haraldurb <haraldurb@akranes.is>; Steinar Adólfsson <steinar.adolfsson@akranes.is>; sveitarstjóri @borgarbyggd.is <sveitarstjori@borgarbyggd.is>; Stefán Broddi Guðjónsson <stefan.gudjonsson@borgarbyggd.is>
Cc: Sævar Freyr Þráinsson (hann - he/him) <Saevar.Freyr.Thrainsson@orkuveitan.is>; Snorri Hafsteinn Þorkelsson <Snorri.Hafsteinn.Thorkelsson@orkuveitan.is>; Ingibjörg Sverrisdóttir <ingibjorg.sverrisdottir@orkuveitan.is>; Halldóra Káradóttir <halldora.karadottir@reykjavik.is>; Hörður Hilmarsson <hordur.hilmarsson@reykjavik.is>

📎 1 attachments (232 KB)

SF 354 03. Tillaga um arðgreiðslu Orkuveitunnar 24. júní 2024.pdf;

Sælir eigendur Orkuveitu Reykjavíkur

Á fundi stjórnar í dag var m.a. bókað:

Lögð fram svohljóðandi arðgreiðslutillaga, dags. 24. júní 2024. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til eigendafundar um arðgreiðslu allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins.

Tillagan felur í sér að arðgreiðsla að fjárhæð 4.000 milljónir króna verður greidd út fljótlega eftir afgreiðslu tillögunnar en útgreiðsla að fjárhæð 1.000 milljónir króna verður greidd út eftir 9 mánaða uppgjör og fjárhæð 1.000 milljónir króna verðu greidd út í desember nk. að því gefnu að niðurstaða ársins stefni í að verða í takt við áætlanir.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt uppfærðri fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2025

Umræður. Tillagan samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Söru Bjarkar Sigurðardóttur Páls Gestssonar og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Þórður Gunnarsson og Björn Gíslason greiddu atkvæði gegn tillögunni.

Tillagan ásamt greinargerð er meðfylgjandi og send eigendum til afgreiðslu fyrir framhaldsaðalfund sem haldinn verður nk. föstudag.

Kær kveðja / Best Regards,

Elín Smáradóttir

Yfirlögfræðingur / General Counsel

Sími / Tel: +354 516 6100 | Farsími / Mobile: +354 6177792 | Netfang / E-mail: Elin.Smaradottir@orkuveitan.is

Orkuveitan / Reykjavik Energy | www.orkuveitan.is



Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.orkuveitan.is/fyrirvaridisclaimer>



Til stjórnar Orkuveitunnar

SF 354

SHÞ

Reykjavík 24. júní 2024

TILLAGA

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til eigendafundar um arðgreiðslu allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins.

Tillagan felur í sér að arðgreiðsla að fjárhæð 4.000 milljónir króna verður greidd út fljótlega eftir afgangi tillögunnar en útgreiðsla að fjárhæð 1.000 milljónir króna verður greidd út eftir 9 mánaða uppgjör og fjárhæð 1.000 milljónir króna verðu greidd út í desember nk. að því gefnu að niðurstaða ársins stefni í að verða í takt við áætlanir.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt uppfærðri fjárhagsspa yfir tímabilið 2023-2025

GREINARGERÐ

Á stjórnarfundi Orkuveitunnar 28.2.2024 var samþykkt tillaga um að greiða arð til eigenda allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins

Tillagan fól í sér að arðgreiðslan væri háð hagfelldri niðurstöðu óvissu þátta til samræmis við greinargerð sem lá fyrir stjórnarfundinn

Eftir endurskoðun á fjárhagsspa Orkuveitunnar og rýni á óvissuþáttum hefur arðgreiðslutillagan verið uppfærð.

Í töflunni hér að neðan má sjá breytingar á uppfærðri fjárhagsspa fyrir árið 2024. Veltufjárhlutfall lækkar þar sem eignarhlutur í Landsneti er færður meðal fastafjármuna. Einnig hafa fjárfestingar Carbfix og Ljósleiðarans verið endurskoðaðar. Fjárfestingar samtals fyrir Orkuveituna lækka um 14 milljarða. Hlutarfjárukningu Carbfix og Ljósleiðarans seinkar og lántökur verða auknar hjá móðurfélagi og Ljósleiðaranum. Samtals er lánsfjármagnsþörf 31,6 milljarðar króna.



Arðgreiðslutillaga samantekt (ISK'000)	Haustspá '24	Uppfærð spá '24
Arðgreiðsla	-6,000,000	-6,000,000
Handbært fé frá rekstri	28,137,934	29,955,461
Vaxtaberandi skuldir	188,046,892	203,160,289
Handbært fé	22,439,783	18,270,463
Nettó vaxtaberandi skuldir	165,607,109	184,889,827
Veltufjármunir	42,122,776	32,464,743
Skammtímaskuldir	29,995,742	32,329,851
Innb. Afleiður skammtímaeign	0	755,919
Innb. Afleiður skammtímaskuldir	387,765	0
Innborgað hlutafé LL	10,900,000	0
Innborgað hlutafé CF	14,542,350	0
Lántökur samstæðu	25,600,000	31,570,815
Afborganir samstæðu	-22,969,938	-18,143,214
Fjárfestingar samstæðu	-49,864,248	-35,997,760
Tekjur samstæðu	64,136,473	66,696,774
1. Veltufjárlutfall	1.4	1.0
4. (Handbært fé frá rekstri - arðgreiðslur) /Nettó vaxtaberandi skuldir	13.4%	13.0%